

Nd.

98. Frumvarp

til laga um tilbúinn áburð.

Flutningsm.: Tryggvi Þórhallsson.

1. gr.

Á tímabilinu 1927—1930, að báðum árum meðtöldum, hefir Búnaðar-
fjelag Íslands á hendi verslun með hverskonar tilbúin áburðarefni og selur
hrepps- og bæjarfjelögum, búnaðarfjelögum og samvinnufjelögum bænda.

2. gr.

Meðan Búnaðarfjelag Íslands annast útvegum og sölu tilbúins áburðar
samkvæmt 1. gr., skulu skip rikissjóðs annast flutning hans endurgjaldslaut
bæði frá útlöndum og milli og til allra þeirra hafna, sem þau annars koma
við á. Að svo miklu leyti sem flutningi verður ekki komið við á skipum rik-
isins, heimilast ríkisstjórninni að semja við Eimskipafjelag Íslands um flutn-
inginn. Kostnaðurinn skal greiddast úr rikissjóði.

3. gr.

Búnaðarfjelag Íslands skal gefa út nákvæman leiðarvísir um notkun
tilbúins áburðar og annast útbýting hans til bænda.

4. gr.

Kaupverð áburðarins skal greiða við móttöku, og selst hann álagning-
arlaust á öllum viðkomustöðum skipanna.

5. gr.

Rekstrarfje til verslunar þessarar og allan kostnað við framkvæmd laga
þessara greiðir rikissjóður.

6. gr.

Ríkisstjórnin setur, í samráði við Búnaðarfjelag Íslands, nánari reglur
um framkvæmd laga þessara, t. d. um, hvenær auglýsa skuli áætlað verð á
áburði, hvenær pantanir á áburði skuli vera komnar til Búnaðarfjelags Ís-
lands og um endurskoðun reikninga verslunarinnar.

Greinargerð.

Á stöðasta þingi bar flutningsmaður fram samskonar frumvarp að aðalefni
til og tilgangi. Var því vísað til nefndar, en fjekk ekki afgreiðslu frá nefndinni. Síð-
an hafa víða um land verið samþyktaðar áskoranir til Alþingis um að setja lög í
þessa átt.

Um tilgang frv. og undirtektir búnaðarþings vísast til greinargerðar þeirrar, er frv. fylgdi í fyrra.

Skipulag verzlunarinnar með tilbúinn áburð er hjer hugsað á nokkuð annan veg en gert var ráð fyrir í frv. í fyrra, samkvæmt bendingu við fyrstu umræðu málsins í fyrra.

Síðan í fyrra hefir aðstaðan um áburðarverzlunina breyst þannig, að enn meiri þörf er á aðgerðum af hálfu hins opinbera til þess að tryggja, að bændur eigi kost á að fá þessa bráðnauðsynlegu vöru við sannvirði. Verður gerð nánari grein fyrir því við flutning málsins.